

Sp.

491. Tillaga til þingsályktunar

um hlutleysi ríkisútvarpsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að í fréttum ríkisútvarpsins verði gætt hlutleysis gagnvart stjórnmalastefnum og stjórnmalaflokkum í landinu og stjórnmaláráður ekki leyfður í útvarpinu nema í almennum umræðum, þar sem stjórnmalaflokkum er ætlaður jafn ræðutími.

G r e i n a r g e r ð .

Í „reglum um flutning innlendra fréttaríkisútvarpsins“, sem út eru gefnar 17. jan. 1939, segir í fyrstu grein á þessa leið: „Fréttir þær, sem ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmalastefnur, stjórnmalaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.“

Reglur þessar voru settar samkv. reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins 24. jan. 1936 og samþykktar af útvarpsráði 10. jan. 1939 „til leiðbeiningar og eftirbreytni öllu starfslíði fréttastofu ríkisútvarpsins, sem annast innlendar fréttir“.

Yfirléitt mun það hafa verið álit almennings, að ríkisútvarpið eigi að gæta fyllsta hlutleysis í stjórnmalum, enda hefur þessa hlutleysis ekki einungis verið gætt í hinum almennu fréttum, heldur einnig haft eftirlit með tilkynningum, sem fluttar eru í auglýsingatíma, svo að þar yrði eigi stjórnmaláráðri við komið, og brýnt fyrir þeim, er erindi flytja, að bregðast ekki trausti útvarpsins í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, hefur nýlega dregið til nokkurra stjórnmalaviðburða hér á landi með myndun nýrrar ríkisstjórnar. En slíkir viðburðir í stjórnmalalífinu valda oftast meiri og minni deilum, og er þá sérstaklega áriðandi, að útvarpinu takist að vernda hlutleysi sitt.

Útvarpsráð virðist líka um það leyti, sem stjórnarmyndunin varð kunn, hafa ætlað að gæta fyllstu varkárni í þessu efni, og það svo, að ýmsum þótti of langt gengið. Hinn 16. október birtist í fréttum útvarpsins viðtal við Ólaf Thors, formann Sjálfstæðisflokksins, þar sem hann skýrði frá því, að Sjálfstæðisflokkurinn og tveir aðrir þingflokkar hefðu komið sér saman um stjórnarmyndun. Næsta dag afhentu fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins útvarpinu yfirlýsingu, þar sem skýrt var frá því, að þeir tækju ekki þátt í stjórnarmynduninni. Þingmenn þessir munu hafa talið, að hér væri aðeins um leiðréttingu að ræða eða nauðsynlega skýringu, af því að formaður flokks þeirra hafði ekki getið um sérafstöðu þeirra í viðtalinu. En útvarpsráð mun sennilega hafa litið svo á, að leiðréttingin kynni að verða skoðuð sem ádeila á hinn væntanlega forsetisráðherra, og samþykkti á fundi, að ekki mætti birta hana í útvarpsfréttum.

En síðan núverandi ríkisstjórn settist að völdum, virðist hér hafa orðið mikil breyting á. Hvað eftir annað hafa verið birtar í útvarpsfréttunum ályktanir funda í stéttarfélögum eða stjórnnum stéttarfélaga um afstöðu til ríkisstjórnarinnar og stofnunar hennar. Þar er sums staðar hrósað happi yfir því, að fyrrverandi ríkisstjórn sé farin frá völdum, og látin í ljós ánægja yfir myndun hinnar nýju stjórnar, en hreytt ónotum í þá, sem ekki eru stuðningsmenn hennar. Í einni ályktuninni er — jafnhliða lofinu um stjórnina — talað um, að stefna hennar „muni mæta andspyrnu þeirra þjóðfélagsafla, sem andvíg eru atvinnulegum framförum“, og stjórnarandstæðingum þannig gerðar upp sakir um, að þeir séu á móti framförum í landinu. Í annarri „skorar fundurinn á verkalyðssamtökin um allt land að veita ríkisstjórninni stuðning“. Í þeirri þriðju lýsir fundur sig „samþykkar málefnaþingunum þeim, sem hún (ríkisstjórnin) hefur gert, og heitir henni fullum stuðningi sínum“. Í hinni fjórðu eru núverandi forsætisráðherra færðar „beztu þakkir fyrir unnið afrek í þágu þjóðarinnar“.

Engum, sem hlýðir á þessar stjórn málafréttir, getur blandast hugur um, að þær eru mjög „mengaðar ... hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmalastefnur, stjórnmalaflokka, stefnur í almennum málum“ og jafnvel um „einstaka menn“, svo að þrætt sé nákvæmlega orðalag um það, sem bannað er í fréttareglum útvarpsins. En auk hinna „hlutsömu umsagna“ eru þær einnig mengaðar „ádeilum“.

Það er eftirtektarvert, að allar þessar „hlutsömu“ stjórn málafréttir eru birtar undir fyrirsögninni: „Frá skrifstofu forsætisráðherra hefur fréttastofunni borizt ...“ o. s. frv. Má af því draga þá ályktun, að hér sé látið undan húsbóndavaldi ríkisstjórnarinnar, enda ólíklegt, að útvarpsráð gæti samþykkt birtingu slíkra fréttar, þegar lítið er á afstöðu þess til a. m. k. mjög hlutlítilla stjórnmalafregna eins og áðurnefndrar leiðréttingar hinna fimm stjórnarandstöðuþingmanna úr Sjálfstæðisflokknum.

Rétt er að geta þess, að á stéttarfélagafundum þeim, er gert hafa téðar ályktanir, hafa engir fulltrúar verið mættir af hálfu þess hluta Alþingis, sem styður ekki ríkisstjórnina. Hins vegar hafa á sumum fundunum mætt tveir ráðherrar úr ríkisstjórninni til að halda fram málstað hennar, en í sumum félögunum eru forsætisráðherrann og vandamenn hans meðal helztu ráðamanna. Þessar staðreyndir draga vitanlega úr gildi ályktananna og hinna pólitísku dóma, sem í þeim felast, a. m. k. í augum þeirra, sem kunnugir eru. En rétt þykir að koma í veg fyrir það þegar í byrjun, að sá háttur verði upp tekinn að nota útvarpið til einhliða áróðurs fyrir stjórnarvöld landsins, enda hefur slíkur áróður haft þær afleiðingar sums staðar erlendis, að flestum ætti að vera minnisstætt. Verður að telja það skyldu Alþingis að sjá svo um, að hér verði þegar bót á ráðin.